

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2013.

Á skýrslufundi (aðalfundi) sem haldinn 20. febrúar 2013 hjá Reiknistofu Bankanna, Hlíðarsmára 19 í Kópavogi voru þau Ágúst Úlfar Sigurðsson, Bergsveinn Þórarinsson, Bergþóra K. Ketilsdóttir, Jón Ragnar Höskuldsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns kosin í stjórn og varastjórn.

Félagsstarf

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Sá fyrsti þann 16. maí hjá Borgun Ármúla 30, Reykjavík og var Þorsteinn Hallgrímsson þá kosinn formaður stjórnar. Aðrir fundir voru haldnir þann 4. október hjá Icepro Kringlunni 7 Reykjavík, þann 19. nóvember hjá Borgun Ármúla 30 Reykjavík, og þann 16. Janúar 2014 hjá Þorsteini Hallgrímssyni Goðalandi 17 Reykjavík. Þakka ber fyrir veitingar á fundunum.

Minjasöfnun

Síðastliðin ár var mikið unnið að því safna eldri búnaði, skrá hann, mynda og búa um til geymslu: Búnaðurinn var afhentur Nýherja til eignar og varðveislunnar þann 4. febrúar 2013 með þeim skilyrðum; að Nýherja er ekki heimilt að farga, selja, gefa eða afhenda þriðja aðila búnaðinn án samþykkis Öldungadeildar Ský, og að Nýherja er skylt að afhenda þann búnað til sýningar sem Öldungadeild Ský óskar eftir.

Landsbankinn á mikið safn eldri tölvubúnaðar og í tilefni af 100 ára afmæli bankans var prentuð skrá með myndum yfir muni bankans. Það er þó ekki endanleg skrá og vantar t.d. hraðbanka og fleira. Vonast var til að Landsbankinn samþykkti að Öldungadeildin fengi að aðstoða bankann við að skrá það sem óskráð er af eldri búnaði bankans og þakka honum í kassa. En bankinn taldi það ekki tímabært og varð því ekkert af því. Reiknistofa bankanna er með nokkuð af búnaði í sinni vörslu og verður hann skráður en óvíst er um framtíðar varðveislunni hans en e.t.v. mun RB afhenda Öldungadeildinni hann með opinberum hætti.

Söguvefur

Talsvert hefur verið rætt um að efla söguvef Ský en erfitt hefur verið að fá nýtt efni og ekki útlit fyrir að það breytist

Haustið 2014 verða liðin 50 ár frá því að fyrstu tölvurnar voru teknar í notkun á Íslandi, þ.e. IBM 1401 í október 1964, hjá Skýrsluvélum Ríkisins og Reykjavíkurborgar og IBM 1620 í desember 1964, hjá Reiknistofnun Háskólans. Það eru merk tímamót og á stjórnarfundinum 13. maí var því velt upp hvort ekki væri hægt að fá sagnfræðing til að skrifa sögu upplýsingatækni frá upphafi til ársins 2000 eða 2010. Einungis tvær bækur hafa komið út þar sem fjallað er um þetta efni. Það eru *Upplýsingaiðnaður í hálföld frá 2002 (Saga SKÝRR 1952 – 2002)* og *Í vist hjá IBM frá 2007 (Svipmyndir úr sögu IBM á Íslandi)*. Mikilvægt er að ná til frumkvöðlanna áður en þeir hverfa á braut.

Gera má ráð fyrir að heimildavinna og skrif taki um 2 ár og að kostnaður verði 15-20 milljónir. Megin vandamálið er að sjálfsgöðu hvernig á að fjármagna ritið og ljóst að leita verður fjárframlaga hjá fyrirtækjum í upplýsingaiðnaði og opiberum stofnunum.

Ákveðið var að kynna hugmyndina fyrir stjórn Ský og óska eftir samstarfi um að gera þetta að veruleika. Það var gert og voru viðbrögð Ský mjög jákvæð.

Þetta verkefni hefur verið rætt ítarlega á öllum seinni stjórnarfundum og gerður var listi yfir þau fyrirtæki/stofnanir sem líkleg væru til að hafa áhuga því að sagan yrði rituð og varðveitt. Einnig var samið erindi „bænaskjal“ til að fylgja með beiðni um fjárhagslega aðstoð og rökstuðningi um ágæti verkefnisins. Meðal þess sem rætt hefur verið er:

- **Á sagan að vera bók, rafbók eða hvoru tveggja.**

Rætt var um kosti og galla þess að prenta bókina á pappír eða birta eingöngu á vefnum. Hvort heldur yrði valið þá þarf bókina að fara í umbrot þótt bókinni verði væntanlega uppflettirit er mikilvægt að hún sé aðgengileg og skemmtileg aflestrar. Auka kostnaður við prentun er ekki það há og ef ritið er prentað þá gæti bókinni verið gjafavara. T.d. gætu fyrirtæki sem styrkja útgáfuna fengið ákveðinn fjölda bóka á móti,

eða lagt aukalega til og fengið fleiri bækur. Þá væri einnig mögulegt að hafa velunnaralista til að afla fjár. erfiðara að safna fé ef það er ekkert sem þú færð í hendurnar.

- **Hvert er umfangið?**

Ákveða þarf tímamörkin og rætt var um að miða við árið 2000 eða 2010? Gífurleg þróun hefur verið frá 2000 og e.t.v. ástæða að miða við seint á árinu 2008, því þá verða miklar breytingar á fyrirtækjum.

- **Fjáröflun.**

Mikil vinna er í því fólgin að hafa samband við fyrirtæki, eftirfylgni, halda utan um fjármálin o.s.frv. og því hefur verið rætt um hvort grundvöllur væri til þess að fá einhvern aðila til að taka þetta að sér.

Vandamálið hvað það varðar er hvað gera skal ef ekki fæst nægt fé til að ljúka verkinu. Best væri ef hægt væri að finna verndara verkefnisins sem myndu tryggja fjármögnun þess þáttar með einhverjum hætti.

Talið er að vænta megi stuðnings fyrirtækja og stofnana m.a vegna þess að þau hafi áhuga á hinu sögulega samhengi og því hvernig fyrirtæki/stofnunhefðief það hefði ekki tölvuvæðst?. Vonandi hafa þeir sem taka þátt í verkefninu áhuga á að koma sögu síns fyrirtækis á framfæri

Safna þarf saman fróðleik sem liggur víða og hægt væri að stofna Fésbókarsíðu þar sem allir gætu sýnt frumkvæði og sagt frá atvikum, tækni, atburðum og ýmsum fróðleik sem liggur víða og erfitt gæti verið að finna.

Ráðstefnur

Ekki voru, svo vitað sé, sóttar ráðstefnur er tengjast markmiðum Öldungadeildar.

Lokaorð

Það er að sjálfsögðu markmið Öldungardeildar að efla starfið og fjölga félögum. Ekki var gert sérstakt átak hvað það varðar en félögum fjölgaði úr 51 í 58. Formaður biður núverandi félaga að hafa beint samband við þá sem þeir þekkja og hvetja þá til að gerast félagar.

Öllum sem sótt hafa fundi og/eða lagt starfi Öldungadeildar Skýrslutæknifélags Íslands lið á árinu 2013 skal hér með þakkað af alhug.